

Ár 2022, þriðjudaginn 8. nóvember, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Halldóri Brynjari Halldórssyni og Lúðvík Erni Steinarssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 4/2022

**Knattspyrnudeild Breiðablik og Knattspyrnudeild KR**

gegn

**Knattspyrnudeild Gróttu**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

**dómur.**

## I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Halldór Brynjar Halldórsson og Lúðvík Örn Steinarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 19. október 2022, þar sem úrslitum í leikjum Breiðablik og Gróttu og í leik KR og Gróttu, sem fram fóru þann 28. september 2022, var breytt og Breiðablik og KR úrskurðaður 0-3 sigur í leikjunum tveimur.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 24. október 2022 þar sem Gróttu gerir eftirfarandi kröfur:

Að málinu verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd ex officio en til vara er þess krafist að úrskurði aga- og úrskurðarnefndar verði snúið við og knattspyrnudeild Gróttu verði sýknuð af kröfu kæranda.

Varnaraðili Breiðablik og KR krefjast þess að áfrýjunardómstóll KSÍ staðfesti úrskurð aga- og úrskurðarnefndar í málinu.

## II

Í hinum áfrýjaða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar er málavöxtum lýst á eftirfarandi veg:

Í fyrri umferð Íslandsmóts í flokki 60 ára og eldri fékk áfrýjandi leyfi frá öðrum liðum til að nota yngri leikmenn til að geta spilað enda væri áfrýjandi í vandræðum með að ná í lið í flokki 60 ára og eldri. Í síðari umferð Íslandsmótsins hafi áfrýjandi jafnframt mætt með leikmenn sem ekki náðu 60 ára aldri, nánar tiltekið Einar Jóhannsson (1969) og Davíð Einarsson (1968). Áfrýjandi hafi teft umræddum leikmönnum fram þann 28. september sl. í leik Breiðabliks og Gróttu, sem endaði 1:1, og í leik KR og Gróttu, sem endaði 2:2.

Ekki voru gerðar leikskýrslur í mótinu en ágreiningslaust er á meðal málsaðila að í nefndum leikjum hafi leikmenn undir 60 ára aldri spilað fyrir hönd áfrýjanda. Ágreiningur lítur hins vegar að því hvort áfrýjandi hafi fengið samþykki frá öðrum liðum fyrir því að umræddir leikmenn fengu að keppa fyrir hönd áfrýjanda í báðum umferðum Íslandsmótsins og þá hvort samþykkið hafi verið veitt gegn því skilyrði að áfrýjandi gæti þá ekki unnið mótið.

Varnaraðilar fyrir áfrýjunardómstóli vísuðu í kæru sinni til 33. gr. laga KSÍ þar sem fram kemur að öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skuli fara fram samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ. Þá vísuðu varnaraðilar til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Áfrýjandi vísaði í greinargerð sinni til þess reglugerð KSÍ um knattspyrnumót taki ekki til 60 ára og eldri enda sé í 28. gr. eingöngu fjallað um eldri flokka karla 40 ára og eldri og 50 ára og eldri. Reglugerðin eigi því ekki við um leikmenn og leiki í flokki 60 ára og eldri.

### III

Fyrir áfrýjunardómstóli bendir áfrýjandi m.a. á þá staðreynd að engin reglugerð sé í gildi hjá KSÍ fyrir knattspyrnumót 60 ára og eldri. KSÍ hafi ekki sett reglugerð um þennan elsta flokk. Þessi staðreynd sé óumdeild. Leikmanna 60 ára og eldri sé því ekki getið í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og engin sérreglugerð sé til hjá KSÍ sem fjalli um leikmenn 60 ára og eldri. Nefndir og dómstóll KSÍ hafi því ekkert um þetta ákveðna mót 60 ára og eldri að segja. Dómstóll KSÍ hafi engan reglugerðargrundvöll til að dæma eftir.

Það blasi við að móti hafi verið sett á með velþóknun og samþykki KSÍ en lengra náí afskipti og völd KSÍ ekki. Auk þess sé hér um íþyngjandi ráðstöfun að ræða að svipta áfrýjanda meistaratitli. Auknar kröfur um skýrleika verði að gera til slíkra ráðstafana. Á sínum tíma hafi verið sett reglugerð fyrir leikmenn 40 ára og eldri og síðar önnur reglugerð fyrir leikmenn 50 ára og eldri. Það hafi hins vegar farist fyrir að setja reglugerð fyrir 60 ára og eldri leikmenn. Þess vegna beri að vísa þessu máli frá ex officio. Aga og úrskurðarnefnd segi í úrskurði sínum að keppnisreglur 40 ára og eldri og 50 ára og eldri séu samhljóða að undanskildu hlutgengisskilyrði vegna aldurs. Beitir síðan tilvísuðum ákvæðum um mót 60 ára og eldri og virðist þannig gera ráð fyrir að keppnisreglur yrðu þær sömu ef reglugerð yrði sett. Ef ætlunin er að nota reglugerð KSÍ 50 ára og eldri er ljóst að lið áfrýjanda hafi ekki verið skipað ólöglegum leikmönnum. Þessir tveir leikmenn sem áfrýjandi fékk leyfi fyrir séu báðir vel yfir 50 ára gamlir eins og fram kemur í kæru. Að auki sé afar hæpið að gera ráð fyrir því að keppnisreglur yrðu þær sömu fyrir 60 ára og eldri og þær séu fyrir 40 og 50 ára og eldri.

Af hálfu varnaraðila er bent á þau grundvallarsjónarmið í reglum KSÍ að leikmenn spili með þeim aldursflokki sem þeir tilheyra í þeim flokkum sem aldursskipt er. Sú regla gildi hvort sem er í yngstu eða elstu flokkunum. Þó hefur yngri leikmönnum verið heimilt að spila upp fyrir sig í þeim flokkum sem yngri eru og eldri mönnum niður fyrir sig í elstu flokkunum (40+ og 50+), enda sé augljóst að hvorugt felur í sér forskot. Engin heimild sé hins vegar til þess að leyfa eldri leikmanni að leika með yngri í unglingsflokkum eða yngri með eldri í elstu flokkunum. Yrði túlkun áfrýjanda ofan á myndi það gera aldursflokkaskiptingu KSÍ tilgangslausa. Samkvæmt henni gæti 16 ára piltur eða stúlka leikið með 5. flokki eða 19 ára leikmaður með 4. flokki – jafnvel með 50+, byði

mönnum svo við að horfa. Augljóst megi vera að það gangi ekki vegna þess forskots sem í aldursmuninum felst. Það eigi við í því móti sem leikirnir sem hér eru undir fóru fram í. Það sé gríðarlegur munur á 53 ára gömlum leikmanni í góðu formi og leikmönnum sem hafi náð 60 ára aldri. Þess megi geta að elsti leikmaður í mótinu hafi verið 77 ára gamall. Almenna reglan um knattspyrnumót á vegum KSÍ (17.1), sem vísað sé til í úrskurðinum, gildir um öll mót. Því þurfi ekkert að vera að skilgreina sérstaklega 60 ára og eldri hvað þá að tiltaka einhverjar sérreglur fyrir þann flokk þar sem allt rúmist innan þeirrar meginreglu.

## V

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirliggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 19. október 2022. Með honum var knattspyrnuliðum Breiðablik og KR úrskurðaður 3-0 sigur í leik liðanna gegn Gróttu í Íslandsmóti eldri flokks karla 60 ára og eldri. Hafi áfrýjandi teflt fram leikmönnum sem ekki náðu 60 ára aldri, nánar tiltekið Einar Jóhannsson (1969) og Davíð Einarsson (1968). Umræddir leikmenn hafi spilað leik Breiðabliks og Gróttu, sem endaði 1:1 og leik KR og Gróttu, sem endaði 2:2. Leikirnir fóru fram fóru þann 28. september sl.

Dómurinn tekur undir sjónarmið í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar að ágreiningslaust sé að í nefndum leikjum hafi leikmenn undir 60 ára aldri spilað fyrir hönd áfrýjanda. Að mati dómsins snýr ágreiningur málsins að því hvort aga- og úrskurðarnefnd og nú áfrýjunardómstóll hafi lögsögu til að taka til meðferðar mál vegna Íslandsmóts 60 ára og eldri. Hefur áfrýjandi bent á það að engin reglugerð sé í gildi hjá KSÍ fyrir knattspyrnumót 60 ára og eldri og hafi nefndir og dómstóll KSÍ því ekkert um þetta ákveðna mót að segja. Dómstóll KSÍ hafi engan reglugerðargrundvöll til að dæma eftir.

Ótvírætt er að mati dómsins að allir knattspyrnuleikir sem leiknir eru sem hluti af skipulagðri knattspyrnukeppni hjá KSÍ skuli fara fram í samræmi við knattspyrnulögin og samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ. Verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að leikir í Íslandsmóti í eldri flokki karla 60 ára og eldri séu hluti af skipulagðri knattspyrnukeppni, enda mótið skipulagt af KSÍ og leikjum raðað niður af KSÍ. Þá horfir dómurinn til þess að lögsaga aga- og úrskurðarnefndar og áfrýjunardómstóls miðast við öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum skv. lögum og reglugerðum KSÍ, sbr. grein 2.1. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Það er því mat dómsins að aga- og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstóll hafi lögsögu til þess taka málið fyrir þar sem umrætt mót sé innan vébanda KSÍ málið ekki sérstaklega falið öðrum úrskurðaraðilum.

Því næst mun dómurinn taka til skoðunar þau ákvæði sem til álita kemur að beita vegna leikja í Íslandsmóti í eldri flokki karla 60 ára og eldri. Líkt og fram kemur í greinargerð áfrýjanda og í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar þá er í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót ekki sérstaklega fjallað um Íslandsmót karla í flokki 60 ára og eldri. Er þó í 28. grein reglugerðarinnar fjallað sérstaklega um Íslandsmót 40 ára og eldri og Íslandsmót 50 ára og eldri. Þykir dómnum það tilvik sem hér er til umfjöllunar í Íslandsmóti í eldri flokki karla 60 ára og eldri svo líkt efnisinntaki sem 28. grein reglugerðarinnar nær til að eðli málsins samkvæmt sé rétt að láta sams konar reglu lúta um leiki í umræddu móti. Því gengur dómurinn út frá því að leikmenn yngri 60 ára séu óhlutgengir

til þátttöku í Íslandsmóti í eldri flokki karla 60 ára og eldri. Leiðir jafnframt af eðli máls að lið skipað leikmönnum yngri en 60 ára getur ekki hampað Íslandsmeistaratitli 60 ára og eldri.

Þar sem áfrýjandi hefur gengist við slíku broti í leikjum við Breiðablik og KR þann 28. september er óhjákvæmilegt annað en að líta svo á að lið áfrýjanda hafi verið ólöglega skipað í skilningi 36. greinar reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Telst Gróttta því hafa tapað leikjunum tveimur með markatölunni 0-3. Það skal tekið fram að engu breytir þó aðilar málsins kunni að hafa samið sig frá reglum um hlutgengi. Það er ófrávíkjanlegt skilyrði að knattspyrnuleikir sem leiknir eru sem hluti af skipulagðri knattspyrnukeppni skuli fara fram í samræmi við knattspyrnulögin og samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ.

Með vísan til framangreinds er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 12/2022 staðfestur.

### **Dómsorð:**

Staðfestur er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 12/2022

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Halldór Brynjar Halldórsson [sign]

Lúðvík Örn Steinarsson [sign]